

KRÍLASEL

UNGBARNALEIKSKÓLI



Starfsáætlun 2023 – 2024

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felast í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissari með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur, áherslur úr skólanámskrá og skóla fyrir alla.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkennslu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngd börn og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Leiðbeiningar um starfsáætlunin leikskóla, bls. 1.

Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans eru <i>Jafnrétti, umhyggja og öryggi</i>	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	5
2 Innra mat	7
3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023	8
4 Greinargerð frá starfinu skólaárið 2022-2023 (innra mat/umbótaáætlun)	13
5 Innra mat – fjöltyngd börn.....	18
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	20
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	21
8 Foreldrasamvinna	21
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	24
10 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs	25

Leiðarljós leikskólans eru *Jafnrétti, umhyggja og öryggi*

Leikskólinn er upphafið af formlegri menntun einstaklingsins og fyrsta stig skólakerfisins. Þessi tími í lífi barnsins er mjög mikilvægur fyrir nám og þroska og samstarf við foreldra er einnig mikilvægt. Í daglegu starfi Krílsels er horft til leiðaljósa leikskólans. Markmið okkar er að hvert barn fái notið sín og verði sjálfstæðir og félagslega sterkir einstaklingar.

Jafnrétti,

Það er lögð áhersla á jafnrétti og jöfn tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum í anda jafnréttis og réttlætis óháð kyni og litarhætti.

Umhyggja

Í umhyggju felst að láta sér annt um líðan, velferð og framtíðarhag barnanna. Umhyggja kennarans getur birst annars vegar í því að sýna barni hlýju og hjálpssemi, að hann beri hag barnsins fyrir brjósti. Hins vegar getur umhyggja fyrir velferð barnsins birst sem hæfni kennarans til að koma auga á styrkleika og getu hvers og eins og hvatt það til framfara. Umhyggjusamur leikskólakennari lætur sér annt um börnin, gerir kröfur en er samt líka sveigjanlegur.

Öryggi

Börnin hafa þörf fyrir vernd og þurfa að finna til öryggiskendar og skal búið þannig að umhverfi þeirra að þau finni að þau njóti verndar og séu örugg. Velferð þeirra skal ávalt vera í fyrirrúmi.

1 Greinargerð leikskólastjóra

Á skólaárinu 2022-23 einkenndist fyrri hluti starfsársins svolítið af því að við vorum að jafna okkur eftir skrítíð ástand sem einkenndist af óvissu og óöryggi sem fylgdi covid19 og koma öllu leikskólastarfinu á rétt ról á nýjan leik með fullri mönnun. Við höfum verið að reyna að ráða inn starfsfólk með meiri menntun sem við teljum að muni styrkja starfið. Góður hópur starfsmanna og góður starfsandi er einnig mikilvægur til að hjálpa okkur að vinna að áherslum okkar.

Haustið byrjaði ágætlega og aðlögun inn í húsið gekk vel. Starfmannastöðugleiki var góður til að byrja með en nokkuð um að starfsfólk væri lasið m.a. vegna eftirkasta Covid19 sem jók þá álagið á aðra starfsmenn. Við ákváðum því að tveir nýjir starfsmann hæfu störf í fullu starfshlutfalli og var það líka smá áskorun vegna tungumálerfiðleika. Annar starfsmaðurinn hafði reynslu sem dagamma og hin var menntuð og hafði reynslu sem félagsráðgjafi í sínu heimalandi. Þær voru mjög áhugasamar og þjálfun þeirra gekk mjög vel með fræðslu frá leikskólastjóra um umönnun yngstu barnanna og skipti slíkt miklu máli fyrir gæði starfsins.

Foreldrafundur var mjög vel sóttur og var allt starfið í leikskólanum kynnt fyrir þeim. Foreldrar spurðu mikið og voru mjög áhugasöm og þrír foreldrar buðu sig fram í foreldraráð. Árlegt innra eftirlit SFS var einnig framkvæmt og engar athugasemdir voru gerðar. Við fengum ekki heimsókn frá Heilbrigðiseftirlitinu þetta árið og vitum ekki ástæðuna fyrir því.

Leikskólinn fór í átak að skipta út bæði inni og útileikföngum og var leikfangageymsla úti löguð. Einnig voru keypt ný plastfrí leikföng frá Dönskum umboðsaðilum. Einnig var skipt um sand í báðum sandkössum eins og við gerum árlega. Leikskólinn verður málaður að innan í sumar og einnig verður girðing á útisvæði og leikfangahús máluð og útileikföngum haldið við eftir þörfum.

Leikskólastjórinn sótti alskonar námskeið sem stuðluðu að því að bæta gæði leikskólastarfsins. Einnig var farið á starfsdegi í heimsókn í tvo ungbarnaleikskóla í Reykjavík og var annar einkarekinn og hinn rekinn af Reykjavíkurborg. Þessar heimsóknir voru mjög gagnlegar og fróðlegar fyrir stjórnendur og starfsfólk. Starfsfólkið fékk einnig fræðslu frá mannauðs/framkvæmdastjóra um sameiginleg markmið, gæði leikskólastarfsins, fjölmenningu, samstöðu og líka um einelti. Nýjir starfsmenn fengu einnig fræðslu frá

leikskólastjóra um leikskólamenninguna á Íslandi, umönnun, fræðslu um leiðaljós leikskólans, líkamsbeitingu o.s.v.fr.

Árlega eru tekin starfsmannaviðtöl voru þau tekin í mars. Einnig tókum við þátt í starfsmannakönnun Skólapúlsins og kom kom hún vel út þar sem kom þar helst fram að starfsánægja er mikil, en skortur á sjálfstrausti við vinnuna með börnunum vegna tungumálaerfiðleika.

Haldið var áfram að vinna að áherslum frá skólaárinu 2022-2023 sem voru m.a. að efla félagsfærni og sjálfseflingu barna í Krílaseli ásamt öðrum þáttum. Leikskólinn telur sig hafa náð töluverður árangri með þessar áherslur en þessir áhersluþættir eru líka kannski eitthvað sem þarf alltaf að vera að vinna með í leikskólastarfi og munu því áfram verða inni í nýrri starfsáætlun ásamt öðrum þáttum. Leikskólinn mun einnig halda áfram með og leggja meiri áherslu á málörvun og sköpun. Þessar áherslur tengjast menntastefnu Reykjavíkurborgar.

Í Krílaseli hafa verið haldnar brunaæfingar að sumri til áður en börnin fara yfir á nýjan leikskóla. Rýmingartími leikskólans hafa verið innan skekkjumarka. Næsta brunaæfing verður haldin í júní mánuði.




2 Innra mat

Tilgangur innra mats er að meta hvort og að hve miklu leyti þeim markmiðum leikskólans hefur verið náð sem byggja á áherslum úr skólanámskrá leikskólans og hafa verið samþykkt af Skóla- og frístundasviði Reykjavíkuborgar. Einnig á Innra mat að veita upplýsingar um starfshætti leikskólans og þróun þeirra, og stuðla að umbótum og auknum gæðum leikskólastarfsins (Aðalnámskrá leikskóla, 2011) .

Einnig þarf að tilgreina hvaða leiðir eru farnar til að ná fram þessum markmiðum og safna gögnum um framvinduna. Meta þarf sérstaklega nám og velferð barna, styrkleika þeirra og hæfni.

Matið þarf að fara fram árlega og gefa upplýsingar um í hverju þær umbætur eru fólgnar og má líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram í starfinu. Gögn eru greind og metin í samvinnu, og ákvarðað hvað gera skuli í framhaldinu. Setja þarf fram umbætur/matsáætlun sem byggir á niðurstöðum gagna líðandi starfsárs og skipuleggja vinnu út frá þeim niðurstöðum. Í umbótaáætluninni eru sett fram hvaða leiðir þarf að fara til að ná þeim viðmiðum sem stefnt er að.



3 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Á skólaárinu 2022-2023 var skólastarfið að mestu leyti orðið eðlilegt eftir covid árin þar á undan. Markvissar umræðum á skipulagsdögum um hvernig starfið gengur er hluti af Innra mati Krílasels. Það helsta sem var rætt og metið og sem snýr að innra starfi leikskólans eru eftirfarandi þættir:

Innra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Málörvun	Umræður á starfsdögum	Allir starfsmenn sem vinna með börnin.	Gengur almennt vel en hvetja þarf starfsmenn til að vera duglegri að tala meira við börnin í öllum aðstæðum.
Starfið í heild	Mat lagt á starf vetrarins á starfsdegi. Farið yfir alla þætti, hvað má betur fara?í	Allir starfsmenn sem er að vinna með börnin.	Allir eru sammála um starfið sé gott og faglegt en gott að vera opinn fyrir jákvæðum breytingum. Flestum finndist gott að fá tækifæri til að prófa að stýra sögu eða söngstundum í stuttan tíma í einu. .

Ytra mat

Árlegt ytra eftirlit skrifstofu skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar fór fram á tímabilinu október-nóvember. Spurmningar bárust í október og viðtal var með rafrænum hætti og heimsókn ákveðin. Eftirlitsaðilar komu síðan í heimsókn í nóvember og niðurstöður voru að rými og aðstaða barnanna voru í lagi sem og skil á umbeðnum fylgigögnum.

Í mars árið 2023 tókum við þátt í viðhorfskönnun starfsmanna frá Reykjavíkurborg sem gegnum skólapúlsins. Í könnuninni voru bornar saman niðurstöður frá leikskólum um allt land og ánægjulegt að sjá að starfsfólk okkar í Krílaseli er almennt frekar ánægt i starfi og að vinnuálag í Krílaseli 3.0 virðist vera umtalsvert minna en á landavísu 4,8. Samstarf í leikskólanum virtist einnig vera áberandi gott eða 6,7 á mótí 5,1 á landsvísu. Það var neikvæðast var „Trú á eigin getu“ eða 3,0 á mótí 5,0 á landsvísu. Virkni foreldra í leikskólastarfinu er einnig áhugverð eða 9,0 á mótí 5,6 á landsvísu. Aðrar mælingar virðast vera innan staðalfráviks 2.

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Starfsmannakönnun leikskóla	Viðhorfskönnun á netínu	Starfsfólk Krílasel	Almenn ánægja á flestum þáttum starfsfins sjá að ofan.

Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTAP ÁTTUR/ MATSPÁTT UR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lo kið	Hvernig og hvenær metið/aðfe rðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmu m við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihó pur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Starfsman naviðtöl	Í starfsmann aviðtölum verður lögð áhersla á kenningar mannauðss tjórnnar svo sem dreyfingu ábyrgðar og samstöðu	Leikskóla stjóri fer yfir áherslur í einstaklin gsviðtöl um.	Leikskólastjóri eða framkvæmdastj óri með mannauðsstjórnu narmenntun,	Haus t	Vo r	Með einstaklings viðtölum.	Staðan tekin reglulega með stuttum viðtölum við leikskólastjó ra.
Hlutverk starfsman na	Að allir starfsmenn séu með hlutverk sitt og verkefni á hreinu	Með skýrara verklagi og verkaskip tingu starfsma nna.	Allir starfsmenn	Allt skóla árið	All t sk ola ári ð	Starfsdagur og starfsmann aviðtöl	Að allir aðillar verði örruggari í hlutverkum sínnum og meðvitaðri um væntingar til þeirra.
Uppeldis- og menntast arf							
Málörvun	Stefnt er að því að allir starfsmen n taki meiri þátt í málörvun	Með því að hvetja starfsfól k til að afla sér meiri	Leikskólastjóri hefur auga með framkvæmd og framförum.	Allt skól a árið	All t sk ól a ári ð	Umræður á starfsdögu m	Allir starfsmenn verði örruggari í að sinna málörvun barnanna.

	barna, alla daga í öllum aðstæðum	þekkinga r í íslensku og vera óhrædd að tala meira við börnin í öllum aðstæðum.					
Mannauður/ Leikskóla bragur							
Samvinna	Að það sé góð samvinna og vinnumóráll í leikskólanum	Við ræðum við starfsfólkið um mikilvægi samvinnu og samábyrgðar. Einnig um mikilvægi þess að geta talað saman um það sem er vel ert og það sem mætti bæta.	Leikskólastjóri ber ábyrgð og allir starfsmenn taka þátt.	Allt árið	Allt árið	Starfsman nafundir	Fara þarf yfir markmið umbótaáætlunar reglulega á skipulags og starfsmannafundum.

Innra mat

	<p>Við vinnslu umbótaáætlunar byggð á innra mati er meðal annars horft til niðurstöðu viðhorfskönnunar og umbætur unnar markvisst unnar á skólaárinu út frá þeim.</p>	<p>Umbótaáætlun sé rædd á skipulagsdögum og sé einnig sýnileg í starfsáætlun á heimasíðu.</p>	<p>Leikskólastjóri</p>	<p>Haus tön n 2023 og end urm a t fer fram í maí 2024</p>	<p>All t ári ð.</p>	<p>Yfiferð á markmiðum umbótaáætlunar á skipulagsdögum.</p>	<p>Leitast verður um að mæla árangur með einstakling sviðtölum við starfsmenn .</p>
--	---	---	------------------------	---	---------------------	---	---

4 Greinagerð frá starfinu skólaárið 2022-2023 (innra mat/umbótaáætlun)

Leikskólaárið 2022-2023 voru börnin 25 í Krílaseli. Þau voru öll fædd á árinu 2021. 13 stúlkur og 12 drengir. Leikskólaárið var krefjandi á margan hátt en einnig mjög lærdómsríkt og gefandi.

Krílasel er einnar deildar leikskóli og leikskólastjórinn er eini leikskólamenntaði starfsmaðurinn og vinnur jafnt á gólfinu á við aðra starfsmenn. Um það bil helmingur annara starfsmanna er með aðra háskólamenntun og er faggildi um 5.5 sem er yfir meðaltali hjá öðrum leikskólum Reykjavíkurborgar. Faglega starfið gekk ágætlega og þar er lögð áhersla á samverustund, hópstarf, söngstund, sögustund og útiveru.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið gefur út aðalnámskrá leikskóla. Hún er fagleg stefnumörkun og lýsir sameiginlegum markmiðum og kröfum sem eiga við um allt leikskólastarf.

Menntastefna Reykjavíkurborgar skiptist upp í fimm grundvallarþætti. Félagsfærni, sjálfsefningu, læsi, sköpun og heilbrigði. Markmið Krílasels tengjast einkunnarorðum leikskólans sem eru jafnrétti, umhyggja og öryggi.

Aðalmarkmiðið okkar sem ungbarnaleikskóli er að styðja við og kenna börnunum okkar hvernig þau stíga sín fyrstu skref í skólakerfinu. Mikilvægt er að börnunum líði vel og þau finni sig örugg. Aðbúnaður og umhverfi þarf að vera hvetjandi og hæfa aldri þeirra. Börnin læra að leika með opinn efnivið úti og inni, bæði saman í hóp eða sem einstaklingar.



Aðalinntökutímabilið er eftir sumarlokun og þá hefst aðlögunin. Í aðlöguninni var áfram lögð áhersla á að byggja upp traust og lagður grunnur að góðu samstarfi við foreldra með áherslu á að börnin upplifi gott samband á milli starfsfólks og foreldra með vellíðan barnana í

leikskólanum að leiðarljósi. Á þessu skólaári gekk aðlögunin mjög vel en nokkra þætti má þó bæta eins og kemur fram í umbótaáætlun.

Í Krílaseli er einnig lögð áhersla á að auka félagsfæri barnanna m.a. með hópstarfi og samverustund. Lögð var áhersla á að foreldrar tækju þátt í samverustund í aðlöguninni og hjálpuðu þannig til við að koma á rútinu fyrir barnið og fái jafnframt betri innsýn í starf leikskólans. Þetta hefur reynst mjög vel og við ætlum að halda áfram að gera þetta í framtíðinni. Í hópstarfinu hafa börnin fengið æfingu í að vinna saman í hóp í málörvun, fínhyrningu og sköpun. Í málörvuninni er mikið stuðst við “Lubbi finnur málbein“. Vegna aldurs barnanna er lögð meiri áhersla á söng fyrstu 1-2 mánuðina og síðan byrjum við að taka eitt máhljóð fyrir í einu og vinnum með það í 1-2 vikur. Við klöppum líka atkvæði orðanna fyrir þau og með þeim og hvetjum foreldra til að gera það líka með þeim heima. Við hengjum líka tákn fyrir máhljóðin upp á vegg leikskólans þannig að þau séu sýnileg og börnin geti líka meðtekið þau á eigin forsendum. Við erum mjög ánægð með árangurinn og hvernig þetta hefur verið að þróast hjá okkur. Við notum líka það sem þau eru að læra í málörvuninni í flestum öðrum athöfnum þeirra í leikskólanum bæði í leik og starfi úti og inni þegar við setjum orð á athafnir þeirra.





Fyrir utan skipulagt hópastarf þá eiga börnin einnig stundir þar sem að þau eru að skapa með því að mála, líma, byggja og leika með ljós og skugga. Þannig fá þau líka tækifæri til að þjálfa fínhyringar, samhæfingu augna og handa og einbeitingu. Einnig er lögð áhersla á sjálfsefningu t.d. með því að hvetja þau til að klæða sig úr sjálf, borða sjálf, þvo hendur og fara sjálf í sína stóla. Þar sem að leikurinn er ein helsta námsleið barnana settum við okkur það markmið að hlúa enn betur að leik barnanna þannig að hann ýti líka undir hæfni þeirra til að frjóvga ímyndunaraflíð. Þau fái þannig líka tækifæri til að læra og þroskast í gegnum leikinn og auka félagsfærni í gegnum samskipti við starfsfólk og önnur börn. Við höfum tök á að skipta útisvæðinu okkar þannig að á minna svæðinu eru yngri börnin sem eru að byrja að labba og síðan á stærra svæðinu sem við köllum efra svæði eru meira krefjandi leiksvæði og er fyrir eldri börnin. Eftir áramót er hópurinn síðan orðin blandaður og börnin fá meira að velja sjálf hvar þau vilja leika sér.





Þessi aðalmarkmið okkar gengu nokkuð vel. Okkur tókst að halda vel utan um barnahópinn og styðja við þau í þessu ferli. Þau vita að hverju þau ganga, eru örugg, glöð og kát að koma í leikskólann og vilja oft ekki fara heim með foreldrum í lok dags.



UMBÓTARÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Textann í þessari línu má taka út, aðeins til leiðbeiningar	Að hverju er stefnt?	Hvernig framkvæmuðum við það?	Hver ber ábyrgð, Hver framkvæmir			Hvaða aðferðir á að nota? (könnun, rýnihópur, safna gögnum)	Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná markmiði.
Könnunarleikur	Að efla enn frekar könnunarleiki sem hluta af málörvun barnanna	Upplýsa starfsfólki um mikilvægi könnunarleiks.	Leikskólastjórnari	Haust -vor	Vor	Umræður á skipulagsdagi.	Árangur könnunarleiks skoðaður með tiliti til aukins þroska barnanna á dvalartímnum.
Aðlögun	Að vera vakandi fyrir tækifærum til að bæta gæði aðlögunarinnar enn frekar.	Hafa ekki fleiri en 2 börn í aðlögun viku.	Leikskólastjórnari og starfsfólk.	Haust og sumar		Skipulagsdagur. Deildarfundir	Mat lagt á framgang aðlöguninnar vikulega og hún lengd ef með þarf.
Hreyfing	Við stefnum að því að efla hreyfifærni barnanna bæði inni og úti sem hefur góð áhrif á líkamsvitund þeirra og eykur gleði, velliðan og samhæingun	Daglega úti (eftir veðri) og vikulega inni.	Leikskólastjórnari	Haust	vor	Umræður um hreyfistun dir á skipulagsdagi og hvað gengur vel og hvað má bæta.	Markmiðið er að börnin efla hreyfifærni sína og læri fara eftir reglum sem tengjast hreyfileikjum og hreyfistundum.

	líkamshluta.						
Skipulagsdagur	Að fara yfir og leita leiða til að bæta gæði leikskólasterfsins.	Starfsfólk þarf að vera vakandi yfir hvað virkar og hvað virkar ekki.	Leikskólastjóri og framkvæmdastjóri	Reglugæfa allt árið	Lok skólaárs.	Niðurstöður umræðna skipulagsdags eru nýttar til umbóta á verklagi og tekna inn í skipulag fyrir næsta ár.	Farið er reglulega yfir stöðuna á skipulagsdögum og hvað mætti bæta og gera betur.

5 Innra mat – fjöltyngd börn

Mat á málörvun og virkri þátttöku fjöltyngdra barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólans vegna fjöltyngdra barna ráðstafað?	Í aukinn launakostnað og endurnýjun bóka. Einnig í að sækja fræðslu um fjöltyngi.
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Við vinnum markvisst með að efla orðaforða þeirra t.d, með því að nýta hvert tækifæri til að setja orð á alla hluti og athafnir og að gefa sér tíma til að spjalla við börnin.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Það er alltaf lesið fyrir fjöltyngdu börnin og í hópastarfinu fá þau aukin tíma til að læra orðin. Við leggjum einnig mikla áherslu á að klappa atkvæðin í orðunum.
Er fylgst með framförum fjöltyngdra barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Stuðs er við matslista sem eiga að mæla almennan þroska hjá börnum 1-2 ára sem við förum yfir í foreldraviðtölum. Einnig erum við að skoða niðurstöðu 18 mánaða skoðunar með foreldrum og hjúkrunarfræðingi ef þarf.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þátttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Við fylgjumst með hvort aukning sé á orðaforða og málskilningi hjá barninu og spyrjum foreldra líka um að hvernig staða barnsins er í eigin móðurmáli.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Aukið samstarf við foreldra fjöltyngra barna	Markmið að styrkja samstarf við foreldra með annað tungumál en almennt er talað í leikskólanum	Að stefna að því að tilkynningar og upplýsingar til foreldra séu á fleiri málum en íslensku ef þörf er á.	Tengiliður fjölmennin gar	Við upphaf leikskóladvalar.	Allt skólaárið	Foreldraviðtöl í haust og vor.	Að vera vakandi yfir hvort að foreldrar upplifi gott samstarf við leikskólann.

6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Starfsfólk okkar í Krílaseli fær að lágmarki eitt starfsmannviðtal á ári og stundum oftar ef þörf er á. Þetta hefur reynst vel sérstaklega fyrir nýja starfsmenn.
- Einnig tókum við þátt í starfsmannakönnun í Skólapúlsinum sem reyndist okkur mjög gagnleg.
- Leikskólastjóri fór á námskeið í EHÍ sem heitir Allur regnboginn í leik og grunnskóla.
- Leikskólastjóri fór einnig á námskeið í EHÍ sem heitir Sögupokar.
- Leikskólastjóri fór einnig á afmælisráðstefnu Rannung.
- Leikskólastjóri fór einnig á Öll börn eiga jafnan rétt til náms:Hagnýt ráð varðandi málþroska, læsi og samskipti á öllum skólastigum.
- Farið var í heimsóknir á skipulagsdegi í tvo ungbarnaleikskóla.
- Starfsfólk fékk fræðslu frá leikskólastjóra um könnunarleikinn.
- Nýtt starfsfólk fékk fræðslu um verklag og umönnun.

Símenntunaráætlun 2023-2024

- Til stendur að reyna að fara á ráðstefnu á Ítalíu „ Reggio Emilia approach“
- Reyna enn frekar að fá nánari fræðslu um „Lubbi finnur málbein“
- Fara á PECS námskeið.
- Menntavika HÍ
- Fá fræðslu um innra mat
- Heimsóknir í aðra ungbarnaleikskóla/deildir
- Skyndihjálparnámskeið fyrir ungbörn á vegum Rauða Krossins.

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Við erum í góðu samstarfi við leikskólana í hverfinu okkar þangað sem flest börnin okkar fara. Einnig erum við í góðri samvinnu við Þjónustumiðstöð Breiðholts ef einhver mál koma upp. Vegna ungs aldur barnanna er ekki samstarf við grunnskóla og frístundamiðstöðvar.

8 Foreldrasamvinna

Samkvæmt lögum er leikskólinn fyrsta skólastigið í menntakerfinu og á að sjá um nám barna á leikskólaaldri. Í yfirlýsingu frá Mennta- og menningarmálaráðuneytið (2011, bls. 48) er bent á mikilvægi foreldrasamstarfs í aðlögun barna og þar segir að leggja þurfi góðan grunn að samstarfi foreldra og leikskóla strax í upphafi leikskólagöngunar með velferð og umhyggju barna að leiðarljósi. Leikskólastarfsfólki ber að sýna fjölbreyttum fjölskyldugerðum og menningu skilning og virðingu, og samstarfið þarf að byggjast á trausti og gagnkvæmum skilningi.

Foreldrar eru sérfræðingar í börnum sínum og bera meginábyrgð á uppeldi þeirra og er leikskólanám því viðbót við uppeldi þeirra en á engan hátt ætlað að koma í stað þess. Því skal leitast við að hlusta eftir sjónarmiðum foreldra til að mynda í foreldrasamtölum og í gegnum foreldraráð og foreldrafélag leikskólans sé það til staðar.

Að okkar mati eru góð fyrstu kynni foreldra af leikskólanum og vel heppnuð aðlögun barns mikilvæg til að byggja upp traust og góð samskipti á milli foreldra, barnsins og leikskólastarfsfólks fyrir komandi leikskóladvöl barnsins. Foreldrasamvinnan byggist í grundvallaratriðum á þessum atriðum og markmið hennar er:

- að rækta samvinnu og samskipti leikskóla og heimilis
- að veita foreldrum upplýsingar um starfsemi leikskólans og fá upplýsingar um barnið frá foreldrum
- að stuðla að þátttöku foreldra í starfi leikskólans



Foreldrakynngarfundur

Okkur hefur tekist að festa í sessi að halda kynningarfund fyrir foreldra á leikskólastarfinu að hausti til og hefur það mælst mjög vel fyrir hjá foreldrum. Foreldrar fá þar margvíslegar upplýsingar um leikskólastarfið og segjum frá áherslunum fyrir komandi skólaár. Foreldrum er einnig gefinn kostur á að koma með spurningar. Þar gefst foreldrum líka tækifæri til að kynna innbyrðis og þar er einnig lagður grunnurinn að stofnun foreldraráðs. Við undirstikum mikilvægi samráðs og samvinnu, og að velferð barnsins sé alltaf í fyrirrúmi. Einnig er farið yfir upplýsinga og boðleiðir og bent á að helgarpóstar eru sendir vikulega með upplýsingum um starfið nýliðna viku, komu nýrra barna og breytingar á starfsmannahaldi. Þá förum við líka yfir það hvernig að heimasíðan á krilasel.is virkar og ráðleggjum foreldrum að kynna sér vel allar þær upplýsingar sem þar er að finna og sérstaklega að lesa vel yfir námskrá og starfsáætlun.

Foreldraviðtöl

Tilgangur foreldraviðtals er að veita gagnkvæmar upplýsingar um barnið og framgang þess. Gefa foreldrum kost á að koma með spurningar og ábendingar. Boðið er upp á foreldraviðtal tvisvar sinnum á ári eða oftari ef þörf er á. Viðtölin byggjast á upplýsingum um barnið og athugunum á færni og þroska í leik og starfi. Fyrsta viðtal á haustin snýst oft að mestu um hvernig aðlögunin hefur gengið og hvernig barnið er að aðlagast inn í leikskólann og hvernig foreldrar eru að upplifa það. Þar skiptast foreldrar og leikskólastjóri á upplýsingum um barnið og leggja línurnar með framhaldið. Í seinna viðtalinu er farið yfir dvöl barnsins í leikskólanu og stuðst er við matstæki fyrir börn 1- 2 ára þar sem þættir eins og félagsleg samskipti, málþroski, sjálfshjálp, vitsmunapróska og hreyfiproska eru metin. Í foreldraviðtölum gefst foreldrum tækifæri til að spyrja spurninga og veita upplýsingar um barnið. Leikskólastjóri sendir oftast

tölvupóst einu sinni viku til að halda foreldrum upplýstum um starfið í leikskólanum og breytingar.

Foreldraráð

Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiriháttar breytingar á leikskólastarfi (Lög um leikskóla 90/2008). Á kynningafundi fyrir foreldra í upphafi skólaárs auglýsum við eftir foreldrum sem hafa áhuga á og tíma til að vera í foreldraráð og útskýrum hvað fellst í því. Gott er ef við getum fengið foreldra sem hafa faglegan bakgrunn eða reynslu af því að vinna að málefnum barna en þó ekki skilyrði. Við höfum verið með þrjá foreldra í foreldraráði en vegna eðlis leikskólans okkar sem ungbarnaleikskóla og að börnin eru venjulega ekki hjá okkur lengur en eitt ár þá er alltaf nýtt foreldraráð valið við upphaf hvers nýs leikskólaárs. Tilgangur foreldraráðs er að lesa yfir og gefa umsagnir til leikskólans um starfsáætlanir fyrir hvert ár og skólanámskrár þegar þær eru gerðar. Hlutverk ráðsins er einnig að fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og kynningu þeirra fyrir foreldrum.

Foreldrafélag

Venjulega sér foreldrafélag skipað af foreldrum um að skipuleggja og standa undir kostnaði við ýmiskonar uppákomur fyrir börn í leikskólum. Eigendur Krísel hafa hins vegar ákveðið að standa sjálf undir slíkum kostnaði eins og við sumarhátíð, jólagleði og gjafir auk allskonar annara viðburða til að styrkja samvinnu og traust á milli foreldra, barna og leikskólastarfsfólks með gleðina að leiðarljósi.

9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- Föstudagur: 8 september 2023. Lokað allan daginn (Seljahverfisskipulagsdagur)
- Föstudagur: 20 október 2023. Lokað allan daginn
- Föstudagur: 24 nóvember 2023. Lokað allan daginn (Seljahverfisskipulagsdagur)
- Fimmtudagur : 15 mars 2024. Lokað allan daginn (Seljahverfisskipulagsdagur)
- Föstudagur : 26 apríl 2023. Lokað allan daginn
- Föstudagur: 17 maí 2023. Lokað allan daginn (Menntastefnumót - sam. Starfsdagur)

Samband íslenskra sveitarfélaga

Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla: Kriklasel ungbarnaleikskóli

AGUST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 F Föstudagur	1 S Mikudagur	1 S Mikudagur	1 M Mánudagur	1 F Föstudagur	1 M Mánudagur	1 F Föstudagur	1 F Föstudagur	1 M Mánudagur	1 M Mánudagur	1 L Leyndagur	1 M Mánudagur
2 L Þriðjudagur	2 M Mikudagur	2 M Mikudagur	2 F Föstudagur	2 L Þriðjudagur	2 Þ Þriðjudagur	2 F Föstudagur	2 L Þriðjudagur	2 Þ Þriðjudagur	2 F Föstudagur	2 S Sunnudagur	2 Þ Þriðjudagur
3 S Föstudagur	3 Þ Þriðjudagur	3 Þ Þriðjudagur	3 F Föstudagur	3 S Sunnudagur	3 M Mánudagur	3 L Þriðjudagur	3 S Sunnudagur	3 M Mánudagur	3 Þ Þriðjudagur	3 M Mánudagur	3 M Mánudagur
4 M Mikudagur	4 M Mikudagur	4 M Mikudagur	4 L Þriðjudagur	4 M Mánudagur	4 F Föstudagur	4 S Sunnudagur	4 M Mánudagur	4 F Föstudagur	4 L Þriðjudagur	4 Þ Þriðjudagur	4 F Föstudagur
5 Þ Þriðjudagur	5 F Föstudagur	5 F Föstudagur	5 S Sunnudagur	5 Þ Þriðjudagur	5 S Sunnudagur	5 M Mánudagur	5 Þ Þriðjudagur	5 F Föstudagur	5 S Sunnudagur	5 M Mánudagur	5 F Föstudagur
6 M Mikudagur	6 M Mikudagur	6 M Mikudagur	6 M Mánudagur	6 M Mánudagur	6 L Þriðjudagur	6 Þ Þriðjudagur	6 M Mánudagur	6 L Þriðjudagur	6 M Mánudagur	6 F Föstudagur	6 L Þriðjudagur
7 F Föstudagur	7 L Þriðjudagur	7 L Þriðjudagur	7 Þ Þriðjudagur	7 F Föstudagur	7 S Sunnudagur	7 M Mánudagur	7 F Föstudagur	7 S Sunnudagur	7 Þ Þriðjudagur	7 F Föstudagur	7 S Sunnudagur
8 F Föstudagur	8 S Sunnudagur	8 S Sunnudagur	8 M Mánudagur	8 F Föstudagur	8 M Mánudagur	8 F Föstudagur	8 F Föstudagur	8 M Mánudagur	8 M Mánudagur	8 L Þriðjudagur	8 M Mánudagur
9 L Þriðjudagur	9 M Mánudagur	9 M Mánudagur	9 F Föstudagur	9 L Þriðjudagur	9 Þ Þriðjudagur	9 F Föstudagur	9 L Þriðjudagur	9 Þ Þriðjudagur	9 F Föstudagur	9 S Sunnudagur	9 Þ Þriðjudagur
10 S Sunnudagur	10 Þ Þriðjudagur	10 Þ Þriðjudagur	10 F Föstudagur	10 S Sunnudagur	10 M Mánudagur	10 L Þriðjudagur	10 S Sunnudagur	10 M Mánudagur	10 F Föstudagur	10 M Mánudagur	10 M Mánudagur
11 M Mánudagur	11 M Mánudagur	11 M Mánudagur	11 L Þriðjudagur	11 M Mánudagur	11 F Föstudagur	11 S Sunnudagur	11 M Mánudagur	11 F Föstudagur	11 L Þriðjudagur	11 Þ Þriðjudagur	11 F Föstudagur
12 Þ Þriðjudagur	12 F Föstudagur	12 F Föstudagur	12 S Sunnudagur	12 Þ Þriðjudagur	12 M Mánudagur	12 M Mánudagur	12 F Föstudagur	12 F Föstudagur	12 S Sunnudagur	12 M Mánudagur	12 F Föstudagur
13 M Mánudagur	13 M Mánudagur	13 M Mánudagur	13 M Mánudagur	13 M Mánudagur	13 L Þriðjudagur	13 Þ Þriðjudagur	13 M Mánudagur	13 L Þriðjudagur	13 M Mánudagur	13 F Föstudagur	13 L Þriðjudagur
14 F Föstudagur	14 L Þriðjudagur	14 L Þriðjudagur	14 Þ Þriðjudagur	14 F Föstudagur	14 S Sunnudagur	14 M Mánudagur	14 F Föstudagur	14 S Sunnudagur	14 Þ Þriðjudagur	14 F Föstudagur	14 S Sunnudagur
15 F Föstudagur	15 M Mánudagur	15 S Sunnudagur	15 M Mánudagur	15 F Föstudagur	15 M Mánudagur	15 F Föstudagur	15 F Föstudagur	15 M Mánudagur	15 M Mánudagur	15 L Þriðjudagur	15 M Mánudagur
16 L Þriðjudagur	16 M Mánudagur	16 M Mánudagur	16 F Föstudagur	16 L Þriðjudagur	16 Þ Þriðjudagur	16 F Föstudagur	16 L Þriðjudagur	16 M Mánudagur	16 F Föstudagur	16 S Sunnudagur	16 Þ Þriðjudagur
17 S Sunnudagur	17 S Sunnudagur	17 S Sunnudagur	17 F Föstudagur	17 S Sunnudagur	17 M Mánudagur	17 L Þriðjudagur	17 S Sunnudagur	17 M Mánudagur	17 F Föstudagur	17 M Mánudagur	17 M Mánudagur
18 M Mánudagur	18 M Mánudagur	18 M Mánudagur	18 M Mánudagur	18 L Þriðjudagur	18 M Mánudagur	18 S Sunnudagur	18 M Mánudagur	18 L Þriðjudagur	18 M Mánudagur	18 Þ Þriðjudagur	18 F Föstudagur
19 Þ Þriðjudagur	19 F Föstudagur	19 F Föstudagur	19 S Sunnudagur	19 Þ Þriðjudagur	19 M Mánudagur	19 M Mánudagur	19 F Föstudagur	19 F Föstudagur	19 S Sunnudagur	19 M Mánudagur	19 F Föstudagur
20 M Mánudagur	20 F Föstudagur	20 F Föstudagur	20 M Mánudagur	20 M Mánudagur	20 L Þriðjudagur	20 Þ Þriðjudagur	20 M Mánudagur	20 L Þriðjudagur	20 M Mánudagur	20 F Föstudagur	20 L Þriðjudagur
21 F Föstudagur	21 M Mánudagur	21 M Mánudagur	21 L Þriðjudagur	21 F Föstudagur	21 S Sunnudagur	21 M Mánudagur	21 F Föstudagur	21 S Sunnudagur	21 Þ Þriðjudagur	21 F Föstudagur	21 S Sunnudagur
22 F Föstudagur	22 M Mánudagur	22 S Sunnudagur	22 M Mánudagur	22 F Föstudagur	22 M Mánudagur	22 F Föstudagur	22 L Þriðjudagur	22 M Mánudagur	22 M Mánudagur	22 L Þriðjudagur	22 M Mánudagur
23 L Þriðjudagur	23 M Mánudagur	23 M Mánudagur	23 L Þriðjudagur	23 F Föstudagur	23 Þ Þriðjudagur	23 F Föstudagur	23 L Þriðjudagur	23 M Mánudagur	23 F Föstudagur	23 S Sunnudagur	23 Þ Þriðjudagur
24 S Sunnudagur	24 Þ Þriðjudagur	24 Þ Þriðjudagur	24 F Föstudagur	24 S Sunnudagur	24 M Mánudagur	24 L Þriðjudagur	24 S Sunnudagur	24 M Mánudagur	24 F Föstudagur	24 M Mánudagur	24 M Mánudagur
25 M Mánudagur	25 M Mánudagur	25 L Þriðjudagur	25 M Mánudagur	25 M Mánudagur	25 F Föstudagur	25 S Sunnudagur	25 M Mánudagur	25 F Föstudagur	25 L Þriðjudagur	25 Þ Þriðjudagur	25 F Föstudagur
26 Þ Þriðjudagur	26 F Föstudagur	26 F Föstudagur	26 S Sunnudagur	26 M Mánudagur	26 F Föstudagur	26 M Mánudagur	26 Þ Þriðjudagur	26 M Mánudagur	26 S Sunnudagur	26 M Mánudagur	26 F Föstudagur
27 S Sunnudagur	27 M Mánudagur	27 F Föstudagur	27 M Mánudagur	27 M Mánudagur	27 L Þriðjudagur	27 Þ Þriðjudagur	27 M Mánudagur	27 L Þriðjudagur	27 M Mánudagur	27 F Föstudagur	27 L Þriðjudagur
28 M Mánudagur	28 F Föstudagur	28 L Þriðjudagur	28 M Mánudagur	28 F Föstudagur	28 M Mánudagur	28 F Föstudagur	28 M Mánudagur	28 L Þriðjudagur	28 M Mánudagur	28 Þ Þriðjudagur	28 S Sunnudagur
29 F Föstudagur	29 M Mánudagur	29 S Sunnudagur	29 M Mánudagur	29 F Föstudagur	29 M Mánudagur	29 F Föstudagur	29 M Mánudagur	29 M Mánudagur	29 M Mánudagur	29 L Þriðjudagur	29 M Mánudagur
30 L Þriðjudagur	30 M Mánudagur	30 F Föstudagur	30 L Þriðjudagur	30 L Þriðjudagur	30 Þ Þriðjudagur	30 F Föstudagur	30 L Þriðjudagur	30 M Mánudagur	30 M Mánudagur	30 S Sunnudagur	30 Þ Þriðjudagur
31 F Föstudagur	31 Þ Þriðjudagur	31 M Mánudagur	31 S Sunnudagur	31 S Sunnudagur	31 M Mánudagur	31 M Mánudagur	31 S Sunnudagur	31 M Mánudagur	31 F Föstudagur	31 M Mánudagur	31 M Mánudagur

10 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans hefur lesið yfir starfsáætlun Krílasels og gerir enga athugasemd við hana. Staðfest er að Krílasel hefur síðastliðinn vetur unnið samkvæmt starfsáætlun liðins veturs þar sem metnaðarfullu starfi leikskólans hefur verið fylgt. Upplýsingagjöf er góð og viðhaldið með vikulegum tölvupóstum á foreldrahópinn. Einnig sjá foreldrar upplýsingar uppi á vegg um það hvernig barn þeirra svaf og borðaði þann daginn. Vert er að nefna að einkunarorð Krílasels ríma vel við starfið; Jafnrétti, umhyggja og öryggi. Starfsfólkið tekur sérstaklega vel á móti börnunum þegar þau mæta og enginn fer heim án þess að kveðja. Hver einstaklingur fær að njóta sín og tillit tekið til þarfa hvers og eins. Öllum þörfum barnanna er mætt. Foreldrar jafnt sem börn finna umhyggjuna frá öllu starfsfólkinu. Matarræði barnanna er hollt og fjölbreytt og er sérstaklega gætt þess vel ef börn eru með ofnæmi eða á sérfæði. Börnin hafa stundað lærdómsríka og skapandi leiki í bland við frjálsan leik. Mikil málörvun á sér stað í lestrarstund og í gegnum söng og skilar það sér vel til barnanna.

Foreldraráð leikskólans skipa:

- Kamilla Mjöll Haraldsdóttir
- Áslaug Einarsdóttir
- Elsa Alexandra Serrenho Valdimarsdóttir

F. h. Krílasels Ungbarnaleikskóla

Susana Rabanes Gunnþórsson
Leikskólastjóri

01. Júlí 2023
Dagsetning

Starfsáætlun 2023 – 2024

Kríasel ungbarnaleikskóli

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

- Kamilla Mjöll Haraldsdóttir
- Áslaug Einarsdóttir
- Elsa Alexandra Serrenho Valdimarsdóttir

Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Innra mat sérkenndu og umbótaáætlun.
- Innra mat- fjöltyngi barna og umbótaáætlun.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.

- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs:

Foreldraráð leikskólans hefur lesið yfir starfsáætlun Krílasels og gerir enga athugasemd við hana. Staðfest er að Krílasel hefur síðastliðinn vetur unnið samkvæmt starfsáætlun liðins veturs þar sem metnaðarfullu starfi leikskólans hefur verið fylgt. Upplýsingagjöf er góð og viðhaldið með vikulegum tölvupóstum á foreldrahópinn. Einnig sjá foreldrar upplýsingar uppi á vegg um það hvernig barn þeirra svaf og borðaði þann daginn. Vert er að nefna að einkunarorð Krílasels ríma vel við starfið; Jafnrétti, umhyggja og öryggi. Starfsfólkið tekur sérstaklega vel á móti börnunum þegar þau mæta og enginn fer heim án þess að kveðja. Hver einstaklingur fær að njóta sín og tillit tekið til þarfa hvers og eins. Öllum þörfum barnanna er mætt. Foreldrar jafnt sem börn finna umhyggjuna frá öllu starfsfólkinu. Matarræði barnanna er hollt og fjölbreytt og er sérstaklega gætt þess vel ef börn eru með ofnæmi eða á sérþæði. Börnin hafa stundað lærdómsríka og skapandi leiki í bland við frjálsan leik. Mikil málörvun á sér stað í lestrarstund og í gegnum söng og skilar það sér vel til barnanna.